
66 MENNING
„Leikhúsfræðilegn stórkostlegt“
67 MENNING
Ferli og tími
Sigríður Mjöll Bjarnadóttir
Ben Gunnlaugsson Arnaldi

Morgunblaðið, 19.01.2023, síðu 66
grein stærð: 80.21 sm2
grein hæð: 7.85 sm

Aðalheiður gegnir rannsóknarstöðu

Aðalheiður Lilja Guðmundsdóttir hefur verið valin til að gegna rannsóknarstöðu við Listasafn Reykjavíkur sem sett var á fót til að rannsaka hlut kvenna í íslenskri listasögu. Um er að ræða hálfa stöðu til eins árs í senn sem vinna má eftir samkomulagi. Rannsóknarstaðan, sem unnin er í samstarfi við við Háskóla Íslands, hlaut þriggja ára öndvegisstyrk Safnaráðs.

Er þetta í annað sinn af þremur sem auglýst er. Alls bárust átta umsóknir og valdi fagráð að bjóða Aðalheiði stöðuna og er það rannsókn hennar á list Borghildar Óskarsdóttur sem þar liggur til



grundvallar. Rannsókn Aðalheiðar á list Borghildar lýkur með sýningu á Kjarvalsstöðum og útgáfu efnismikillar sýningarskrár. Aðalheiður er sjálfstætt starfandi fræðimaður. Hún nam heimspeki við Háskóla Íslands og listaheimspeki við Université Paris I, Panthéon–Sorbonne. Á árunum 2010-2021 starfaði hún sem lektor og fagstjóri listfræða við myndlistardeild Listaháskóla Íslands.